

1863.

16. febrúarm.

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegning Gísla Jónssonar á Saurum.

Eptir því, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, hefir Gísli bóndi Jónsson á Saurum 13. nóvembermánaðar f. á. komið til bæjarfógetans í Reykjavík til að afplána með vatns og brauðs fangelsi í þrisvar sinnum 5 daga, samkvæmt konungsúrskurði 26. júlím. 1861, hegning þá, 15 vandarhögg, er honum var dæmd með hæstaréttardómi 23. júnímán. 1859. En þá er hann var búinn að vera 5 daga í fangelsinu varð hann svo veikur, að bæjarfógetinn fór fram á það við stiptamtman, að hegningunni yrði breytt í slíkt fangelsi, þar sem veittur er vanalegur bandingja-matur, en þaræð landlæknirinn, Hjaltalín jústizráð, fullyrti, að hann eigi heldur væri fær um að þola þessa hegning, er hann hefði innvortis veikindi, er gjörðu að verkum, að hann eigi þylði kyrrsetur um lengri tíma í fangelsinu í Reykjavík, þá var hann laus látinn, og hefir hann síðan sent stiptamtmanni, en hann aptur stjórnarráðinu, þegnlega bænarskrá til konungs um, að það, sem hann átti eptir að þola af vatns- og brauðs hegningunni, verði honum upp gefið, eður því að minnsta kosti breytt í hæfilegar fêbætur.

Þaræð ætla má, að Gísli hafi haldið heim til áttþaga sinna í Dala sýslu, þá er hann var laus látinn úr varðhaldinu, kunngjörir dómsmálastjórnin yður þannig hvað gjörzt hefir í málinu, og skorar jafnframt á yður að láta hlutaðeiganda vita, að bænarskrá hans verði eigi áheyrzla veitt, og að senda hingað að 6 mánuðum liðnum skýrslu um heilsufar hans, og um það, hvort hann þá að yðar áliti muni fær um að fara á ný til Reykjavíkur til að þola það, sem hann átti eptir af hegningunni¹.

1) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi ritið um málefni þetta; og er þar meðal annars svo að orði kveðið: „.....með því læknis-skýrteini Hjaltalíns jústizráðs er samið í almennum orðatiltækjum og beiðandinn í bænarskrá sinni hefir sagt, að embættismaður þessi hafi á degi hverjum komið til sín í fangelsið og fyrirskipað sér læknislyf, þá eruð þér beiðnir að útvega og senda hingað skýrslu Hjaltalíns justizráðs

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnámuna í Helgustaða-fjalli. 1863.
19. febrúarm.

Af meðfylgjandi eptirriti af bænarskrá frá verzlunarhúsinu Örum & Wulff hér í staðnum, sjáid þér, herra amtmáður, að verzlunarhús þetta hefir sótt um að fá til leigu um 5 ár þann hluta af silfurbergsgnámunni í Helgustaðafjalli í landareign jarðarinnar Helgustaða, sem er eign ríkissjóðsins, og rétt til að fá lengdan leigutímann þegar þessi 5 ár eru liðin, en aptur á móti býðst það til að greiða það afgjald árlega, sem stjórnarráðið álíti hæfilegt.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málefni þetta, og skorar nú á yður, svo framarlega sem sá hlutinn af námunni, sem Þórarinn prófastur Erlendsson er eigandi að, verður leigður á þann hátt, sem segir í bænarskránni, að leigja ofangreindu verzlunarhúsi þann hlutann, sem ríkissjóðurinn á, fyrst um sinn um 5 ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári til umboðssjóðsins og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem þér álítið vel eiga við bæði með tilliti til notkunar á námunni og annara atvika, sem þar koma til greina.

Stjórnarráðið biður yður að láta sig síðar vita, hvað þér gjörði í þessu efni.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum. 19. febrúarm.

Út af bænarskrá, sem forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, Pétur prófessor Pétursson, hefir sent beina leið til kirkju- og kennslustjórnarinnar, leyfir stjórnarráðið, að af því fê, sem í

um eðli sjúkdómsins og læknislyfjanna, og um það, hvort lækningar hafi verið við hafðar þá dagana, sem Gísli haldi vatns- og brauðs hegninguna, og ef svo er, á hvern hátt það hafi gjört verið”.